

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 956/2006 um starfshætti þeirra
sem annast löggildingar mælitækja í umboði Neytendastofu.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. Orðin „aldrei lengur en“ í 2. másl. 1. mgr. falla brott.
- b. Orðið „aðeins“ í 2. mgr. fellur brott.
- c. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Bráðabirgðaumboð er hægt að framlengja einu sinni til eins árs ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi sem varða ekki aðilann.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 44. gr. laga nr. 91/2006 um mælingar, mæligrunna og vigtar-
menn og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. desember 2021.

F. h. ferðamála-, viðskipta- og menningarmálaráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Daði Ólafsson.